

139
3. júlí

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „sjóð Snorra Sigfússonar og nemenda hans á Flateyri 1912—30“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 3. júlí 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð Snorra Sigfússonar og nemenda hans á Flateyri 1912—30.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Snorra Sigfússyni, námsstjóra, til minningar um kennarastarf hans við barnaskólann á Flateyri 1912—1930, og þó einkum í sambandi við kæra nemendur hans þessi ár.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð 00/100 krónur —.

Peningagjöf þessi var afhent skólanefnd Flateyrarskóla ásamt gjafabréfi dags. 17. júní 1950, og er skipulagsskrá þessi gerð samkvæmt því bréfi.

2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum stofnfjár, samkvæmt skipulagsskrá þessari og gjöfum eða tillögum, er honum kunna að berast.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Öfundarfjarðar. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal einn fimmti ($\frac{1}{5}$) ársvaxta jafnan leggjast við höfuðstólinn, en fjórum fimmtu ($\frac{4}{5}$) ársvaxta skal árlega varið til verðlauna úr sjóðnum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að verðlauna árlega allt að því þrjú börn eða unglinga, er námi ljúka við barnaskólann á Flateyri.

Rétt til verðlauna úr sjóðnum hafa fyrst og fremst þeir nemendur skólans, er að dómi skólastjóra og kennara hafa skarað fram úr að háttþrýði og samvizkusemi, og hafa öll sin námsár reynzt góðir skólaþegnar og neytt námsgetu sinnar vel, hvort sem hún er mikil eða lítil.

Verðlaun skulu veitt án tillits til hárra eða lágra einkunna, er nemendur kunna að hafa hlotið við almenn próf.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er í höndum skólastjóra og skólanefndar barnaskólans á Flateyri, og skal skólanefnd samþykkja verðlaun, og hvaða börn skulu njóta þeirra ár hvert.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum hreppsreikninga Flateyrarhrepps.

7. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarvaldanna á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 15. september 1950.

Í skólanefnd Flateyrarskólahéraðs.

Margrét Jónsdóttir.

Trausti Friðbertsson.

Kristján G. Brynjólfsson.